

25  
16. febr.

greindri prófraun að nokkru eða öllu leyti, ef dóminum er kunnugt af lögfræðilegum störfum hans, að hann sé hæfur til að flytja mál fyrir hæstarétti.

Héraðsdómslögmonnum, sem starfað hafa að málflutningi ekki skemur en 5 ár og hafa á þeim tíma flutt fyrir héraðsdómi a. m. k. 40 mál munnlega, er heimilt að flytja fyrir hæstarétti opinber mál og einkamál, sem þeir sjálfir eða löggiltir fulltrúar þeirra hafa flutt fyrir héraðsdómi. Skulu þeir, ef þeir óska að nota heimild þessa, senda beiðni um það til hæstaréttar ásamt vottorði um, að þeir uppfylli skilyrði 1.—5. tölul. greinar þessarar. Heimild þessi fellur niður, ef hæstiréttur telur, eftir málflutning í hæstarétti eða af öðrum ástæðum, hlutaðeigandi héraðsdómslögmann óhæfan til að flytja mál fyrir hæstarétti. Framangreindan rétt geta menn þó öðlzt aftur eftir ákvörðun dómsins.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

*Gjört í Reykjavík, 16. febrúar 1953.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

26  
16. febr.

## L Ö G

um heimild fyrir kirkjumálaráðherra til þess að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Kirkjumálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum nýbýlastjórnar og með samþykki skipulagsnefndar prestssetra, að skipta prestssetursjörðum og enn fremur að taka leigunámi, ef með þarf, og byggja á erfðaábúð hluta af þeim prestssetursjörðum, sem taldar eru hafa það mikið landrými, að tilskilið land fái til nýbýlastofnunar, enda sé þess ávallt gætt, að landrými viðkomandi prestsseturs verði þrátt fyrir skiptinguna það mikið, að þar megi eftir sem áður reka allstórt bú.

2. gr.

Nú er ákveðið að skipta prestssetursjörð í tvö eða fleiri býli samkvæmt ákvæðum 1. gr., og skulu þá úttektarmenn meta afgjald af býli því eða býlum, sem frá jörðinni eru skilin. Renna afgjöld til hlutaðeigandi prests, þar til næst fer fram mat á heimatekjum presta, sbr. lög nr. 46 1907, en síðan í fyrningarsjóð viðkomandi prestsseturs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. febrúar 1953.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*